

Kjartan Guðjónsson er hér við stækkanir á blýantsteikningum sínum, sem hann sýnir ásamt olíu- og vatnslitamyndum á Kjarvalsstöðum.

Kjartan Guðjónsson sýnir á Kjarvalsstöðum

KJARTAN Guðjónsson listmálari opnar laugardaginn 1. apríl málverkaskýningu á Kjarvalsstöðum. Verður sýningin opnuð kl. 15 á laugardag og stendur hún yfir til 10. apríl.

Alls eru á sýningunni rúmlega 100 myndir, olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar. Teikningarnar eru 35 og er efni þeirra

tekið úr Sturlungu. Allar eru myndirnar gerðar á síðustu 2-3 árum eða frá því að Kjartan hélt síðustu einkasýningu sína árið 1975. Þetta er fjórða einkasýning Kjartans.

Teikningarnar úr Sturlungu stækkaðar á ljósmyndapappír, en frumgerðin er blýantsteikning. Sagði Kjartan að þetta væri

í fyrsta sinn sem teikningar væru stækkaðar þannig, eftir því sem hann vissi til, en Kristján Magnússon annaðist stækkanirnar. Sýning Kjartans er opin á venjulegum sýningartíma kl. 14-22 um helgar og 16-22 virka daga. Seinna í aprílmánuði verður hluti þessara sýningar hengdur upp í Gallerí Háhol á Akureyri.

Bátur endursmíðaður í Bátalóni hf.

NÝLEGA var lokið við að endursmíða fiskibát úr stáli í Bátalóni h.f. í Hafnarfirði. Báturinn, sem er frá Stykkishólmi og hét áður Sigurvon SH 35, hefur hlotið nafnið Sigurður Sveinsson SH 36 og er samkvæmt nýjustu mælingu 104 rúmlestir.


Þorbergur Ólafsson, framkvæmdastjóri Bátalóns h.f., sagði í viðtali við Morgunblaðið, að vegna yfirþykktar á stáli í bol bátsins umfram kröfur, hafi verið talið hagkvæmt að framkvæma miklar breytingar og viðgerð á honum. Yfirbygging öll var endurnýjuð og henni gjörbreytt. Sett var ný harðviðarinnrétting í brú, borðsal, eldhús og mannaíbúðir, skipt um aðalvél, ljósavél og öll helztu siglinga- og fiskleitartæki.

Þorbergur kvað viðgerðina hafa tekið mun lengri tíma en upphaflega hafi ráð verið fyrir gert, en hún hófst á

síðastliðnu sumri. Var þá miðað við að báturinn yrði búinn til háhyrningsveiða og í því sambandi stóð til boða erlent lán bátseiganda. Vonir manna um að mega nýta það fjármagn brugðust þó, þrátt fyrir yfirlýstan vilja áhrifamanna um að nýta erlent lánsfé til innlends iðnaðar — sagði Þorbergur. Kvað hann hér skjóta nokkuð skökku við, þegar það hefur verið venja Íslendinga undanfarna áratugi að byggja upp skipasmíðaiðnað erlendis með erlendum lántökum.

Af þessum sökum stöðvuðust framkvæmdir við bátinn í 2 til 3 mánuði unz nýir kaupendur tóku við skipinu. Kom þessi seinkun mjög illa við fleiri viðskiptaáðila skipasmíðastöðvarinnar.

Útgerðaraðili Sigurðar Sveinssonar er Sigurður s.f. í Stykkishólmi. Skipið er útbúið á tog-, net- og línuveiðar. Skipstjóri verður Sigurður Á. Hreiðarson, Stykkishólmi.



Sigurður Sveinsson SH 36 á reynslusiglingu í Hafnarfjarðarhöfn eftir breytingarnar.

Ljóm.: RAX


Grafíksýning í Norræna húsinu

Á LAUGARDAG 1. apríl verður opnuð í Norræna húsinu sýning á grafíkmyndum. Er það sænski listamaðurinn Sixten Haage sem þar sýnir 20 verk og í frétt frá Norræna húsinu segir, að hann sé talinn í röð fremstu grafíklistamanna í Svíþjóð.

Hann stundaði listnám í Stokkholmi á stíðsárunum og síðan í

allt tólf grafíkblöð, sem Sixten Haage nefnir „Europa-sviten“, en alls eru á sýningunni um 20 verk, og eru þau öll til sölu. Sýningin er opin á venjulegum opnunartíma bókasafnsins, frá klukkan 14 til 19 daglega fram til 10. apríl.

Sixten Haage setur sjálfur upp sýninguna, og dvelst hér á landi til 8. apríl.



Sixten Haage sýnir 20 grafíkmyndir í bókasafni Norræna hússins dagana 1.-10. apríl.

Paris 1945-47 og hefur tekið þátt í sýningum víða, m.a. Póllandi Finnlandi, Jógóslavíu, Ítalíu, Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum og hafa flest listasöfn í Svíþjóð keypt eftir hann verk.

Meginuppistaða sýningarinnar í Norræna húsinu er röð mynda, í

Tveir sýna í Galleríi Suðurgötu 7

TVEIR listamenn opna í dag, laugardag, sýningu á verkum sínum í Galleríi Suðurgötu 7. Eru það þeir Friðrik Þór Friðriksson og Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson.

Sýning þeirra stendur yfir til sunnudagsins 16. apríl og er opin daglega kl. 16-22 og kl. 14-22 um helgar. Galleríi Suðurgötu 7 hefur skipulagt sýningar fram á haust og mun í sumar einkum kynna erlenda list.

Fyrirlestrar um skúlptúr

Á Kjarvalsstöðum mun Aðalsteinn Ingólfsson halda tvo fyrirlestra um þróun skúlptúrs á 20. öldinni. Verður hinn fyrri á þriðjudaginn 5. apríl kl. 18 og nefnist „Frá Rodin til járnstöðu“. Síðari fyrirlesturinn verður viku síðar og nefnist „Súrrealismi til láðlistar“.

Í frétt frá listráði Kjarvalsstaða segir að Gestur Ólafsson hafi nýlengið við að halda röð fyrirlestra um þróun byggingarlistar á þessari öld og hafi aðsókn verið allgöð og rætt hafi verið um að gefa fyrirlestrana út í bókformi.



Ljósmyndasýning Nönnu í Klausturhólum

DAGANA 1.-14. apríl sýnir dansk-íslenski ljósmyndarinn Nanna Büchert um 60 myndir í húsnæði Guðmundar Axelssonar, Klausturhólum. Sýningin verður opin alla daga frá 2-6.

Nanna Büchert fæddist árið 1937 í Kaupmannahöfn, en ólst upp við Laugavegin. Hún átti íslenska móður, en danskan föður. Þau dóu bæði þegar hún var lítil, svo níu ára gömul kom hún í föstur til ömmu sinnar í Reykjavík, Herðisar Jónsdóttur. Hún tók stúdentspróf frá menntaskólanum hér, en giftist síðan til Danmerkur.

Um skeið las hún fornleifafræði við háskólann í Höfn, en 1969 fór


hún að taka ljósmyndir. Fyrst voru það aðallega fréttamyndir og þess háttar fyrir dagblöð og tímarit. Hún hefur tekið þátt í ýmsum sýningum í opinberum stofnunum og galleríum í Kaupmannahöfn og út um land, svo og í Hamborg og Stuttgart. 1977 var hún kynnt í Kunstnernes Sommerudstilling og þetta árið tekur hún þátt í vorsýningunni á Charlottenborg.

Jóhannes Jóhannesson sýnir á Loftinu

Jóhannes Jóhannesson listmálari opnar í dag laugardaginn 1. apríl, sýningu á Loftinu við Skólavörðustíg í Reykjavík. Sýnir hann þar 20 myndir og stendur hún yfir í 2 vikur.

Jóhannes Jóhannesson hefur áður sýnt verk sín á Loftinu. Var það fyrir þremur árum og var hann fyrstur til að sýna sín verk þar. Þjóst hann jafnframt við að verða sá síðasti þar sem fyrirhugaðar eru breytingar á rekstri Loftsins.

Á sýningunni eru sem fyrr segir 20 myndir, vatnslitamyndir sem eru e.k. tilraunir eins og listamaðurinn orðaði það, tilraunir til undirbúnings við olíumálverk. Sýningin verður opnuð í dag kl. 14, en hún verður annars opin á venjulegum verzlunartíma.



Jóhannes Jóhannesson listmálari.